

Haldið er dómþing áfrýjunardómstóls Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ) 12. júní 2023.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 2/2022-2023

Áfrýjun Körfuknattleiksdeildar Vals

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

Mál þetta var mótttekið af áfrýjunardómstól KKÍ þann 9. júní 2023. Samkvæmt því skjali sem barst er um að ræða áfrýjun á úrskurði aga- og úrskurðarnefndar í máli Pablo Bertone.

Áfrýjandi samkvæmt því er körfuknattleiksdeild Vals en ekki er greint frá hver sé hinn kærði.

Niðurstaða

Í ákvæði 2. gr. reglugerðar um áfrýjunardómstól KKÍ segir að markmið reglugerðarinnar sé að tryggja skýrar og afmarkaðar reglur um áfrýjunardómstól KKÍ með hliðsjón af lögum KKÍ.

Í ákvæði 8. gr. sömu reglugerðar segir að sá aðili sem hyggst áfrýja máli skuli senda áfrýjunardómstóli KKÍ sérstakt áfrýjunarskjal þar sem um er að ræða greinargerð þar sem lýst er þeim sjónarmiðum sem áfrýjandi byggir á ásamt gögnum málsins. Jafnframt segir að málsmeðferðarreglur sem fram koma í kafla um málsmeðferðarreglur í reglugerð KKÍ um aga- og úrskurðarmál skulu gilda um áfrýjunardómstól KKÍ eftir því sem við á.

Í ákvæði 7. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál er kveðið um að sérstakar málsmeðferðarreglur vegna kærumála. Gilda þær að breyttu breytanda við málsmeðferð hjá áfrýjunardómstól. Þar er kveðið á um að kæra til nefndarinnar skuli vera skrifleg, undirrituð

af aðila máls eða umboðsmanni hans og skuli greina frá meðal annars eftirfarandi skilyrðum:

- a) Nafn áfrýjanda, kennitala, heimilisfang, símanúmer, og netfang.
- b) Nafn hins kærða, kennitala, heimilisfang, símanúmer, og netfang.
- c) Nafn fyrirvarsmanns kæranda og kærða ásamt ofangreindum upplýsingum.
- d) Skýr kröfugerð.
- f) Tilvísun til þeirra laga og reglugerða, sem byggt er á í málinu.
- g) Lýsing á helstu röksemdum.
- h) Lýsing á helstu gögnum er fylgja kæru.

Verulega skortir á, að áfrýjunarskjal það sem barst dómstólnum, uppfylli framangreind skilyrði. Verður því málinu vísað frá ex officio.

ÚRSKURÐARORÐ

Áfrýjunarskjali Körfuknattleiksdeildar Vals sem barst áfrýjunardómstól KKÍ þann 9. júní 2023 er vísað frá.

Pórólfur Heiðar Þorsteinsson
formaður

Ingimar Ingason

Sveinbjörn Claessen

Úrskurð þennan skal sendur skrifstofu KKÍ í tölvupósti og henni falið að birta hann fyrir málsaðilum. Úrskurðinn skal í kjölfarið birta á heimasíðu KKÍ í samræmi við ákvæði 11. gr. reglugerðar um áfrýjunardómstól. Úrskurður áfrýjunardómstóls KKÍ er endanlegur og bindandi fyrir málsaðila. Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSí þeim málum áfrýjunardómstóls KKÍ, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild, sbr. 6. gr. reglugerðar um áfrýjunardómstól.